

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	2019 2019
Málsnr:	1909513
Bréfal:	030 0



Hafnarfjarðarkaupstaður  
Pósthólf 100  
222 Hafnarfjörður

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 18. september 2019  
Tilv.: SRN19010111/4.10.1

Ráðuneytinu hefur borist meðfylgjandi erindi Jóns Inga Hákonarsonar bæjarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar, þann 1. þ.m., þar sem óskað er eftir álitum ráðuneytisins á tilteknum atriðum í stjórnarsýslu Hafnarfjarðar er varða fullnaðarafgreiðslu einstakra mála hjá skipulags- og byggingarnefnd og skipulags- og byggingarfulltrúa bæjarins. Einnig barst ráðuneytinu erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar þann 12. desember 2018, þar sem óskað var eftir staðfestingu ráðuneytisins á nýrri samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarkaupstaðar og fundarsköp bæjarins. Þann 31. janúar 2019 var starfsmanni Hafnarfjarðar tilkynnt með tölvupósti að ráðuneytið gæti ekki staðfest hina nýju samþykkt óbreytta vegna ákvæða í samþykktinni um framsal valds til að fullnaðarafgreiða einstök mál.

Vegna framangreindra erinda telur ráðuneytið rétt að vekja athygli Hafnarfjarðarbæjar á þeim sjónarmiðum um gilda um framsal á valdheimildum til að fullnaðarafgreiða einstök mál í sveitarstjórnarrétti.

Um heimildir fastanefnda og starfsmanna sveitarfélaga til að fullnaðarafgreiða einstök mál gilda ákvæði 40-42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Meginreglan sem þar kemur fram er sú, að sveitarstjórn getur ákveðið í samþykkt um stjórn sveitarfélags að fela fastanefndum eða starfsmönnum sveitarfélags fullnaðarafgreiðslu einstakra mála sem ekki varða verulega fjárhag sveitarfélagsins, nema lög eða eðli máls mæli sérstaklega gegn því. Við mat á því hvaða kröfur verði gerðar til slíkra framsalsheimilda ber að líta til þeirra sjónarmiða sem fram hafa komið í álitum umboðsmanns Alþingis frá 26. október 2018, nr. 9561/2018 og í úrskurðum úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (m.a. nr. 46/2018, 57/2014, 1/2014, 26/2015 og 51/2014). Þar hafa verið gerðar þær kröfur að tiltaka þurfi með skýrum og nákvæmum hætti í samþykkt um stjórn sveitarfélags, hvaða ákvarðanir um er að ræða sem fastanefndir og starfsmenn sveitarfélaga hafi heimild til að taka fullnaðarákvörðun í. Er þannig ekki nægilegt að vísa til þess í samþykkt að slíkar ákvarðanir komi fram í erindisbréfum, öðrum reglum eða samþykktum sveitarfélags sem ekki eru staðfestar af ráðherra sbr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga. Þó kemur til greina að geta þess í staðfestri samþykkt um stjórn sveitarfélags, að þau málefni sem fastanefndir og starfsmenn hafa heimild til að fullnaðarafgreiða komi fram í sérstökum viðauka sem verði hluti af samþykktinni, en þá er nauðsynlegt að sama málsmeðferð fari um slíka viðauka og um upprunalegu samþykktina, þ.á.m. samþykki bæjarstjórnar á tveimur fundum, staðfesting ráðherra sbr. 9. sveitarstjórnarlaga og birting í b-deild Stjórnartíðinda sbr. 3. laga um Stjórnartíðindi nr. 15/2005

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið, leggur ráðuneytið til að Hafnarfjarðarbær yfirfari og geri viðeigandi breytingar á annað hvort samþykkt um stjórn Hafnarfjarðarbæjar staðfest var

**26. maí 2016, og þá sérstaklega 42. gr. hennar, eða samþykkt Hafnafjarðarbæjar sem send var ráðuneytinu þann 12. desember 2018 og sendi ráðuneytinu hinu nýja samþykkt til staðfestingar.**

Að lokum er rétt að geta að ráðuneytið telur ekki ástæðu til þess að taka stjórnslu Hafnafjarðarbæjar til formlegrar umfjöllunar sbr. 109. gr. og 112. gr. sveitarstjórnarlaga á þessu stigi málsins, en óskað er þó eftir að ráðuneytið verði upplýst um afstöðu bæjarstjórnar við erindinu eigi síðar en 7. okt. nk.

Fyrir hönd ráðherra  
eftir umboði



Björn Ingi Óskarsson

Fylgiskj.: Erindi Jóns Inga Hákonarsonar dags 1.9.2019,  
Svarbréf ráðuneytisins til Jóns Inga dags. 18.9.2019